

Alþingi
Erindi nr. P 138/922
komudagur 15.1. 2010

Skipti

Alþingi

v/Austurvöll

Iðnaðarnefnd

Skúli Helgason formaður

Reykjavík, 15. janúar 2010

Varðar: Athugasemd við frumvarp til laga um að veita iðnaðarráðherra heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ.

I. Inngangur

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um að veita iðnaðarráðherra heimild til samninga við tiltekin félög um gagnaver í Reykjanesbæ.

Frumvarpið hefur ekki verið sent til umsagnar en verði það að lögum er ljóst að það mun hafa áhrif á starfsemi fyrirtækja í landinu. Skipti hf. er móðurfélag Símans hf. og Mílu ehf. og fleiri félaga sem m.a. starfa á fjarskiptamarkaði og upplýsingatæknimarkaði. Að mati Skipta getur frumvarp þetta leitt til röskunar á samkeppnisstöðu fyrirtækja sem starfa á sömu mörkuðum og félög þau sem frumvarpi þessu er ætlað að gilda um og einnig fyrirtækja sem starfa á afleiddum og tengdum mörkuðum.

Í frumvarpinu eru félögin skilgreind sem Verne Holdings ehf. og Verne Real Estate ehf. og íslensk dótturfélög í meirihlutaeign þeirra, núverandi eða síðari, enda sé starfsemin í beinum tengslum við verkefnið.

Í 2. gr. frumvarpsins er verkefnið sem lögin taka til skilgreint svo að það feli í sér að reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ eins og nánar verði kveðið á um í fjárfestingarsamningi sem gerður verði innan ramma laganna milli iðnaðarráðherra, félaganna og eigendanna.

Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að félögin og hluthafar þeirra skuli undanþegin gjaldeyrishöftum. Í

4. gr. frumvarpsins eru félögin undanþegin ýmsum sköttum og gjöldum.

II. Ríkisstuðningur

Með því að tilgreina sérstaklega ákveðinn aðila og aðila þeim tengda felur frumvarpið í sér sértækar aðgerðir í þágu eins aðila. Slíkar sértækar ráðstafanir fela í sér verulega hættu á röskun á samkeppni á samkeppnismörkuðum, svo sem fjarskiptamarkaði og upplýsingatæknimarkaði og fleiri mörkuðum. Þannig telur Skipti að ívilnanir þessar feli í sér mikla hættu á að röskun verði á afleiddum mörkuðum þar sem félögin og þau fyrirtæki sem leigja munu hjá þeim njóta þess að félaginu hafi verið ívilnað umfram önnur fyrirtæki sem starfa á sömu mörkuðum og þeir aðilar. Sem dæmi má nefna að ef fyrirtæki sem

leigja aðstöðu hjá þessum aðilum fara í samkeppni við önnur fyrirtæki á innlendum markaði þá munu þau óbeint njóta þess ríkisstuðnings sem frumvarpið felur í sér.

III. Breytingatillögur

Til þess draga úr líkum á að ákvæði frumvarps þessa, ef að lögum verða, leiði til þess að ríkisstuðningurinn valdi röskun á samkeppnismarkaði er lagt til að sett verði í frumvarpið nýtt ákvæði þess efnis að óheimilt sé að nota þá ívilnun sem felst í þessu frumvarpi til þess að niðurgreiða samkeppnisstarfsemi.

Jafnframt er lagt til 11. tl. 4. gr. frumvarpsins verði skýrar orðaður til að taka af allan vafa um að félögunum sé óheimilt að starfa á fjarskiptamarkaði. Þannig að lagt er til að 11. tl. 4. gr. frumvarpsins verði orðaður svo:


„Félögin skulu undanþegin gjöldum skv. 14. gr. og 14. gr. a laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og hvers kyns nógildandi og síðari gjöldum, *enda er félögunum óheimilt að veita fjarskiptaþjónustu.*“

IV. Lokaorð

Skipti telur mikilvægt að iðnaðarnefnd taki athugasemdir þessar til greina og er til reiðu að fylgja eftir athugasemdum þessum á fundi með nefndinni.

Virðingarfyllst,

F.h. Skipta hf.



Auður Inga Ingvarsdóttir

Forstöðumaður á lögfræðisviði Skipta hf.